

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 304/2024

2025/EES/25/53

frá 6. desember 2024

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2049 frá 14. júlí 2023 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852 að því er varðar vörur með viðbættu kvikasilfri sem falla undir framleiðslu-, innflutnings- og útflutningsbann ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 22a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„— **32023 R 2049:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2049 frá 14. júlí 2023 (Stjtið. ESB L 236, 26.9.2023, bls. 21).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/2049, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 236, 26.9.2023, bls. 21.^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.